



Borgarráð

Lambhagavegur 12, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar.

Óskað er eftir að eftir að borgarráð samþykki að úthluta IP eignarhaldi ehf. kt. 590399-2649, Fiskislóð 29, 101 Reykjavík, 3.850.- fermetra lóð við Lambhagaveg 12 sem heimilar að byggt verði 1.010 fermetra bygging fyrir atvinnuhúsnaði. Verð lóðarinnar skv. niðurstöðu útboðs sem lauk 17.11.2017 er kr. 80.500.000.- þar sem lóðarhafi var hæstbjóðandi. Verð byggingarréttarins skiptist þannig að kr. 20.601.030.- kr. er gatnagerðargjald og kr. 59.898.970.- er greitt fyrir byggingarrétt á allt að 1.030 fermetra byggingu.

Greiðslufrestur er 45 virkir dagar frá samþykki borgarráðs á kauptilboði. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Fráveituheimæðagjald og inntaksgjöld hita og rafmagns innheimt af Veitum ofh. (áður Orkuveitu Reykjavíkur) skv. gjaldskrá Veitna

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við. Að öðru leyti gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá hér reykjavik.is/lodir og deiliskipulagsskilmálar fyrir Lambhagareit í Reykjavík, auglýst í B-deild stjórnartíðanda

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Hrólfur Jónsson

217090102
630

Leiguafli slhf.	kr.	62.050.000
Aurora Star Hotel ehf.	kr.	43.260.000
SPB ehf.	kr.	79.000.000
Blástjarnan - Bilástjarnan GE/WO/HO/KP	kr.	66.000.000
S30 ehf.	kr.	27.500.000
S12J ehf.	kr.	40.100.000
Eignarhaldsfélagið Örkin hf.	kr.	31.500.000
Tjöld ehf.	kr.	23.500.000
Ullur ehf.	kr.	35.500.000
Martak ehf.	kr.	75.500.000
IP eignarhald hf.	kr.	80.500.000
Regalo ehf.	kr.	41.200.000
Heild fasteignafélag/Agros ehf.	kr.	46.000.001
Muga ehf.	kr.	55.000.000
Sjöstjarnan ehf.	kr.	45.000.000
PK verk ehf.	kr.	50.250.000
BG Fossberg ehf.	kr.	45.500.000
Smáragarður ehf.	kr.	38.900.000
Eignarhaldsfélagið Ögur ehf.	kr.	60.868.440

Fundi slitič kl. 14:

Fundi slitið kl. 14:

W. Eggertsd.,
Hreina Þorsdóttir
Adriana Hilja Baldvinsdóttir
M. Vagnason
Benja
Gunnar Gunnarsson
Björn Þórsson
Knutur Þórsson
Gunnar B. Jónsson
Benja

Guðrún
Sigrún
Björk